


Alþingi
Erindi nr. P 138/280
komudagur 25.11.2009



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Keldnaholti, 112 Reykjavík, Sími 5806300, Símbref 5806301,

Netfang: veidimalastofnun@veidimal.is, Veffang: www.veidimal.is

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 24. nóvember 2009

Mál 165.

Veiðimálastofnun barst til umsagnar mál 165 í þingskjali nr. 184 um breytingar á lögum nr. 61/2006 um lax og silungsveiði með síðari breytingum. Breytingar eru eðlilegar eins og gerð er ítarleg grein fyrir þeim í athugasemdum með frumvarpinu. Annars vegar er skýrður réttur vegna atkvæðagreiðslu í veiðifélögum og hins vegar eru lagt til að framkvæmdir í eða við veiðivatn án tilskilinna leyfa verði refsiverð. Þetta ákvæði er mjög mikilvægt þar sem slík háttsemi hefur ekki verið refsiverð. Dæmi eru um að malarnám sé hafið í ám án leyfa, hugsanlega vegna skorts á refsíákvæðum. Þessi breyting er því til mikilla bóta og ætti að leiða til betri umgengni við náttúruna. Veiðimálastofnun styður því að frumvarpið verði að lögum.

Virðingarfyllt,

Sigurður Guðjónsson, forstjóri